

**Tillaga:**

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að stjórnkerfis- og lýðræðisráð verði lagt niður.

**Greinargerð:**

Viðleitni meirihlutans í að stigin séu skynsamleg skref í þá átt að minnka umfang og rekstrarkostnað ráðsins miðað við verkefni og vinnuálag ráðsins ber að fagna. Hins vegar er ekkert sem réttlætir að skrefið sé ekki stigið alla leið og ráðið í heild sem fastur og stór punktur í stjórnkerfi borgarinnar sé ekki einfaldlega lagt niður.

Á þessu kjörtímabili hefur meirihlutinn staðið fyrir stofnun tveggja ráða. Ekki er efast um að góður hugur fylgir öllum þeim ráðum og nefndum sem ráðist sé í að stofna og halda úti. Hins vegar verður að meta árangur þeirra miðað við kostnaðinn þar sem ekki er hægt að halda úti stærra borgarkerfi en borgarsjóður getur staðið undir.

Nú hefur stjórnskipunar- og lýðræðisráðs starfað í rúmlega ár. Því miður er það svo að raunverulegur árangur stjórnskipunar- og lýðræðisráðs nær ekki að réttlæta kostnað við nefndarstörfina sem er stærsti kostnaðarliðurinn og hleypur á milljónum króna, sem borgarsjóður á ekki til. Á þeim tíma hafa þó verið settar ágætis stefnur og vinnureglur í kringum ýmis konar upplýsinga- og lýðræðismál. Þær stefnur eru því komnar inn í borgarkerfið og allir sem starfa í borgarkerfinu geta og eiga að taka mið af. Það er ekki vond arfleifð inn í borgarkerfið í átt að auknu gagnsæi og aðgangi borgarbúa. Hins vegar er engin þörf á að haldið verði úti sérstöku ráði til að hafa eftirlit með því umfram aðra til þess berra aðila innan borgarkerfisins sem geta haldið þeim markmiðum á lofti í þeim verkefnum sem ráðið hefur nú á sinni könnu en gæti auðveldlega verið sinnt af alúð annars staðar í borgarkerfinu eins og á við.